Fskj. 1

**Stefán Karl Kristjánsson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [astridur@domstolar.is] |
| **Sent:** | 11. október 2013 09:15 |
| **To:** | Stefán Karl Kristjánsson |
| **Subject:** | RE: Document1 |
| **Follow Up Flag:** | Follow up |
| **Flag Status:** | Completed |

Engin sólarströnd í kortunum en ég set þetta á 30. okt.
Svo verður að fara að láta okkur ganga fyrir Reykjavík, þetta gengur náttúrulega ekki.
kv. ÁG

---

**From:** Stefán Karl Kristjánsson [mailto:stefan@krst.is]
**Sent:** 11. október 2013 09:13
**To:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness
**Subject:** RE: Document1

Best væri að fresta þessu þar til þú kemur heim af sólarströndinni

Kv.

Stefán Karl

---

**From:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [mailto:astridur@domstolar.is]
**Sent:** 11. október 2013 09:11
**To:** Stefán Karl Kristjánsson
**Subject:** RE: Document1

Hvað ertu að tala um, klukkustundir eða ??
Ég get tekið það fyrir á mánudaginn en síðan er ég farin í frí í tvær vikur.
kv. ÁG

---

**From:** Stefán Karl Kristjánsson [mailto:stefan@krst.is]
**Sent:** 11. október 2013 08:54
**To:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness
**Subject:** RE: Document1

Sælar

Er möguleiki á því að fresta þinghaldi í dag vegna ,

Ég er tvíbókaður og á að mæta í tvær fyrirtöku í Reykjavík. Fór allt í rugling þegar ég fór á sjúkrahúsið.

Fjölskyldan öll er bókuð í hin og þessi verkefni þannig að enginn sem getur hlaupið í skarðið fyrir mig að sinni.

Með kveðju

Stefán Karl

**Stefán Karl Kristjánsson, héraðsdómslögmaður**
Hafnarhvoli - Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
s: 551-6412
gsm: 898-0105
fax: 552-7544

www.krst.is

K·R·S·T
LÖGMENN

---

**From:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [mailto:astridur@domstolar.is]
**Sent:** 26. september 2013 11:50
**To:** 'stefan@krst.is' (stefan@krst.is)
**Subject:** Document1

Sæll.
Vonandi gekk aðgerðin vel og þú verður kominn á kontórinn sem fyrst.
Sendi meðfylgjandi þingbók frá því í morgun þar sem prentarinn var að stríða okkur og ekki var hægt að prenta hana út.

bestu kveðjur,
Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari.

Fskj. 2

**Stefán Karl Kristjánsson**

**From:** Alda Hrönn Jóhannsdóttir [alda@logreglan.is]
**Sent:** 11. október 2013 15:19
**To:** Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari Héraðsdómur Suðurlands
**Cc:** 'stefan@krst.is' (stefan@krst.is)
**Subject:** RE: Boðun í þinghald

**Follow Up Flag:** Follow up
**Flag Status:** Completed

Sæl.

Er ekki rétt skilið hjá mér að fyrirtakan er þann 30. Okt. Nk. í þessu máli? Klukkan hvað? Er hægt að hafa hana um morgunin en ég er í dómi þá.

B.kv.
Alda

Virðingarfyllst,
Alda Hrönn Jóhannsdóttir, ftr.
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Brekkustíg 39
230 Reykjanesbær
s. 420-1700

-----Original Message-----
From: Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [mailto:astridur@domstolar.is]
Sent: 11. október 2013 09:15
To: Alda Hrönn Jóhannsdóttir
Cc: 'stefan@krst.is' (stefan@krst.is)
Subject: Boðun í þinghald

H É R A Ð S D Ó M U R   R E Y K J A N E S S
Dómhúsinu í Hafnarfirði, Fjarðargötu 9, 220 Hafnarfirði
Sími: 535-0700  Bréfsími: 535-0701

Hafnarfirði, 11. október 2013

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Viðtakandi: Alda Hrönn Jóhannsdóttir ftr.
Brekkustíg 39
260 Njarðvík

B O Ð U N   Í   Þ I N G H A L D

Ástríður Grímsdóttir gerir kunnugt:

Mál nr. S-00720/2013:

Ákærandi:
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Alda Hrönn Jóhannsdóttir ftr.
Ákærði:

verður tekið fyrir fimmtudaginn 10. október 2013 kl. 10:00.
Staður: Salur 3, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.
Dómsathöfn: Þingfesting opinberra mála.

VINSAMLEGAST STAÐFESTIÐ MÓTTÖKU ÞESSA SKEYTIS MEÐ SVARI (REPLY) Á ÞETTA SKEYTI.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari

Fskj. 3

## Stefán Karl Kristjánsson

| | |
|---|---|
| **From:** | Áslaug Skúladóttir [krst@krst.is] |
| **Sent:** | 30. október 2013 13:16 |
| **To:** | 'Stefán Karl Kristjánsson' |
| **Subject:** | FW: S-720-2013 Fyrirtaka ákveðin |
| **Follow Up Flag:** | Follow up |
| **Flag Status:** | Completed |

Sendi þér þetta til skoðunar, Stebbi minn.
Búin að bóka í dagbókina þína.

Síminn hjá                Þú myndir kannski láta hann vita.

Kveðja,
Áslaug

**Áslaug I. Skúladóttir**
KRST lögmannsstofa | Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík
Sími: +354 551-6412 |
Netfang: krst@krst.is | Veffang: www.krst.is

K·R·S·T
LÖGMENN

Innihald þessa pósts er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki
og/eða einstaklingi sem hann er áritaður til. Ef um mistök í póstsendingu
er að ræða ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita
og eyða póstinum strax.

---

**From:** Áslaug Skúladóttir [mailto:krst@krst.is]
**Sent:** 30. október 2013 13:15
**To:** 'Hulda Kristinsdóttir Héraðsdómur Reykjaness'
**Subject:** RE: S-720-2013 Fyrirtaka ákveðin

Heil og sæl Hulda.

Neðangreind boðun er móttekin og bókuð hjá lögmanninum.
Kærar þakkir.

Kveðja,
Áslaug

**Áslaug I. Skúladóttir**
KRST lögmannsstofa | Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík
Sími: +354 551-6412 |
Netfang: krst@krst.is | Veffang: www.krst.is

K·R·S·T
LÖGMENN

Innihald þessa pósts er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki
og/eða einstaklingi sem hann er áritaður til. Ef um mistök í póstsendingu
er að ræða ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita
og eyða póstinum strax.

---

**From:** Hulda Kristinsdóttir Héraðsdómur Reykjaness [mailto:huldakr@domstolar.is]
**Sent:** 30. október 2013 11:44
**To:** krst@krst.is
**Subject:** S-720-2013 Fyrirtaka ákveðin

Góðan daginn.

Ákveðið hefur verið að taka fyrir mál **14. nóvember nk. kl. 10:20 í dómsal 2.**

Vinsamlegast staðfestið móttöku þessa pósts.

-------------------------------------
*Með kveðju*

Hulda Kristinsdóttir
huldakr@domstolar.is
Héraðsdómi Reykjaness
S:5350700

Fskj. 4

**Stefán Karl Kristjánsson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [astridur@domstolar.is] |
| **Sent:** | 20. nóvember 2013 09:47 |
| **To:** | 'stefan@krst.is' (stefan@krst.is) |
| **Subject:** | Document1 |
| **Attachments:** | Document1.docx |
| **Follow Up Flag:** | Follow up |
| **Flag Status:** | Completed |

kv.
ÁG

Fskj. 5

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, fimmtudaginn 26. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Lagt er fram:

| | | |
|---|---|---|
| Nr. | 1, | bréf lögreglustjórans á Suðurnesjum dags. 12. ágúst 2013. |
| " | 2, | ákæra, dags. sama dag, ásamt birtu fyrirkalli. |
| " | 3, | sakavottorð útg. 26. febrúar 2013 |
| " | 4, | skjalaskrá lögreglu merkt 008-2013-681, ásamt fskj. |

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Vilhjálmur Reyr Þórhallsson, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Með ákærða mætir Jón Bjarni Kristjánsson hdl. v/Stefáns Karls Kristjánssonar hdl. sem að ósk ákærða er skipaður verjandi hans í málinu.

Ákærða eru afhent afrit af skjölum málsins.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þá er ákærða bent á að honum er heimilt að ráðfæra sig við verjanda sinn meðan á þinghaldinu stendur.

Gerð er grein fyrir ákæru

Ákærði óskar eftir fresti til að taka afstöðu til ákærunnar.

Málinu er frestað til föstudagsins 11. október nk. kl. 13:15 í dómsal 3.

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 26.9. 2013.

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, fimmtudaginn 14. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið

gegn
X

Fyrirtöku sem vera átti 11. og 30. október sl. var frestað utan réttar þar sem hvorki var mætt af verjanda né ákærða.

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Óli Ásgeir Hermannsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur þrátt fyrir boðun til verjanda hans um þinghaldið. Þá sendi ritari verjanda ákærða tölvupóst til dómsins kl. 9:31 í morgun þar sem dómaranum var tilkynnt um fjarveru verjanda.

Dómari telur þessi vinnubrögð verjanda ámælisverð þar sem hann hvorki hefur haft milligöngu um að ákærði mæti sjálfur né fengið annan lögmann til að mæta fyrir sig eða óskað eftir skipun annars verjanda.

Sækjandi hyggst láta handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 20. nóvember nk. kl. 9:35 í dómsal 3.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 14.11. 2013.

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, miðvikudaginn 20. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Vilhjálmur Reyr Þórhallsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur og hefur ekki boðað lögmæt forföll né verjandi hans.

Sækjandi upplýsir að lögregla hafi ekki haft upp á ákærða.

Sækjandi hyggst láta handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn þann 3. desember nk. kl. 10:40 í dómsal 2.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 20.11. 2013.

FSKj. 6

**Stefán Karl Kristjánsson**

| | |
|---|---|
| **From:** | Áslaug Skúladóttir [krst@krst.is] |
| **Sent:** | 20. nóvember 2013 15:52 |
| **To:** | 'Stefán Karl Kristjánsson' |
| **Subject:** | FW: Varðar mál nr. S-720/2013 |
| **Follow Up Flag:** | Follow up |
| **Flag Status:** | Completed |

Ég fékk þetta.

Kveðja,
Áslaug

**Áslaug I. Skúladóttir**
KRST lögmannsstofa | Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík
Sími: +354 551-6412 |
Netfang: krst@krst.is | Veffang: www.krst.is

K·R·S·T
LÖGMENN

Innihald þessa pósts er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki
og/eða einstaklingi sem hann er áritaður til. Ef um mistök í póstsendingu
er að ræða ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita
og eyða póstinum strax.

---

**From:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [mailto:astridur@domstolar.is]
**Sent:** 14. nóvember 2013 09:50
**To:** Áslaug Skúladóttir
**Subject:** RE: Varðar mál nr. S-720/2013

Sæl. Málið verður þingfest í dag.
kv. ÁG

---

**From:** Áslaug Skúladóttir [mailto:krst@krst.is]
**Sent:** 14. nóvember 2013 09:31
**To:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness
**Subject:** Varðar mál nr. S-720/2013

Heil og sæl.

Í ofangreindu máli á að vera fyrirtaka kl. 10:20 í dag, en Stefán Karl er fastur á Ísafirði og getur þ.a.l. ekki mætt og verður því að finna annan tíma vegna málsins.
Stefán Karl verður í sambandi við ákærða.

**VINSAMLEGAST STAÐFESTIÐ MÓTTÖKU TÖLVUPÓSTS ÞESSA.**

Kveðja,
Áslaug

**Áslaug I. Skúladóttir**
KRST lögmannsstofa | Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík
Sími: +354 551-6412 |
Netfang: krst@krst.is | Veffang: www.krst.is

K·R·S·T
LÖGMENN

Innihald þessa pósts er trúnaðarmál og aðeins ætlað því fyrirtæki
og/eða einstaklingi sem hann er áritaður til. Ef um mistök í póstsendingu
er að ræða ertu vinsamlegast beðin(n) að láta sendanda vita
og eyða póstinum strax.

Fskj. 7

## Stefán Karl Kristjánsson

**From:** Stefán Karl Kristjánsson [stefan@krst.is]
**Sent:** 20. nóvember 2013 16:07
**To:** 'Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness'
**Cc:** 'Vilhjálmur Reyr Þórhallsson'
**Subject:** RE: Document1

Góðan daginn

Ég geri athugasemdir varðandi bókun dómara í þingbók liðinn fimmtudag. Ég var við aðalmeðferð á Ísafirði sem teljast lögmæt forföll. Jón Bjarni bróðir minn og Páll voru báðir í fyrirtökum en karl faðir minn staddur í Hveragerði.

Í ljósi þessa hafði ég samband við hann og upplýsti um stöðu mála. Hann óskaði eftir aðstoð okkar feðga og vegna þessa gat ég ekki látið bláókunnugan mann mæta með honum.

Hvað varðar þinghald í dag þá var mér með öllu ókunnugt um það. Í svarpósti dómara til ritara míns þá kemur einfaldlega fram að málið verði þingfest en þingbók málsins var ekki send né heldur var þeim sem þetta ritar gert kunnugt um nýja fyrirtöku.

Sjálfur var ég í aðalmeðferð í morgun í Héraðsdómi Reykjavíkur, sem aftur teljast lögmæt forföll.

Ég hef nú ritað í dagbók mína að fyrirtaka sé í málinu þann 3. desember kl. 10:40 og mun ég þá mæta ásamt
Ég tel hins vegar enga þörf á því að beita handtöku á hann enda á hann enga sök á því hvernig málum var fyrir komið.

Með kveðju

Stefán Karl

**Stefán Karl Kristjánsson, héraðsdómslögmaður**
Hafnarhvoli - Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
s: 551-6412
gsm: 898-0105
fax: 552-7544

www.krst.is

K·R·S·T
LÖGMENN

---

**From:** Ástríður Grímsdóttir - Héraðsdómur Reykjaness [mailto:astridur@domstolar.is]
**Sent:** 20. nóvember 2013 09:47
**To:** 'stefan@krst.is' (stefan@krst.is)
**Subject:** Document1

kv.

Fskj. 8

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, fimmtudaginn 26. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Lagt er fram:

| | | |
|---|---|---|
| Nr. | 1, | bréf lögreglustjórans á Suðurnesjum dags. 12. ágúst 2013. |
| " | 2, | ákæra, dags. sama dag, ásamt birtu fyrirkalli. |
| " | 3, | sakavottorð útg. 26. febrúar 2013 |
| " | 4, | skjalaskrá lögreglu merkt 008-2013-681, ásamt fskj. |

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Vilhjálmur Reyr Þórhallsson, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Með ákærða mætir Jón Bjarni Kristjánsson hdl. v/Stefáns Karls Kristjánssonar hdl. sem að ósk ákærða er skipaður verjandi hans í málinu.

Ákærða eru afhent afrit af skjölum málsins.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þá er ákærða bent á að honum er heimilt að ráðfæra sig við verjanda sinn meðan á þinghaldinu stendur.

Gerð er grein fyrir ákæru

Ákærði óskar eftir fresti til að taka afstöðu til ákærunnar.

Málinu er frestað til föstudagsins 11. október nk. kl. 13:15 í dómsal 3.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 26.9. 2013.

**ENDURRIT**

**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, föstudaginn 11. október, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Óli Ásgeir Hermannsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.
Ákærði er ekki mættur né verjandi hans og hafa ekki boðað lögleg forföll.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 10:00 í dómsal 3.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 11.10. 2013.

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, fimmtudaginn 14. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Fyrirtöku sem vera átti 30. október sl. var frestað utan réttar þar sem hvorki var mætt af verjanda né ákærða.

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Óli Ásgeir Hermannsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur þrátt fyrir boðun til verjanda hans um þinghaldið. Þá sendi ritari verjanda ákærða tölvupóst til dómsins kl. 9:31 í morgun þar sem dómaranum var tilkynnt um fjarveru verjanda.

Dómari telur þessi vinnubrögð verjanda ámælisverð þar sem hann hvorki hefur haft milligöngu um að ákærði mæti sjálfur né fengið annan lögmann til að mæta fyrir sig eða óskað eftir skipun annars verjanda.

Sækjandi hyggst láta handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn.

Málinu er frestað til miðvikudagsins 20. nóvember nk. kl. 9:35 í dómsal 3.

| | |
|---|---|
| Vottur: | Dómþingi slitið. |
| Hulda Kristinsdóttir | Ástríður Grímsdóttir |

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 14.11. 2013.

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2013, miðvikudaginn 20. nóvember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Vilhjálmur Reyr Þórhallsson ftr. v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Ákærði er ekki mættur og hefur ekki boðað lögmæt forföll né verjandi hans.

Sækjandi upplýsir að lögregla hafi ekki haft upp á ákærða.

Sækjandi hyggst láta handtaka ákærða og færa hann fyrir dóminn þann 3. desember nk. kl. 10:40 í dómsal 2.

| | |
|---|---|
| Vottur: | Dómþingi slitið. |
| Hulda Kristinsdóttir | Ástríður Grímsdóttir |

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 20.11. 2013.

**ENDURRIT**

ÚR
ÞINGBÓK
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS

Árið 2013, þriðjudaginn 3. desember, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Stefanía G. Sæmundsdóttir settur saksóknari v/Öldu Hrannar Jóhannsdóttur, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Með ákærða mætir Stefán Karl Kristjánsson hdl. skipaður verjandi hans í málinu.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þá er ákærða bent á að honum er heimilt að ráðfæra sig við verjanda sinn meðan á þinghaldinu stendur.

Ákærði viðurkennir að hafa haft umrædd efni, er greinir í ákæru, í vörslum sínum en neitar að þau hafi verið í sölu- og dreifingarskyni. Ákærði samþykkir upptökukröfu ákæruvaldsins.

Málinu er frestað til aðalmeðferðar til þriðjudagsins 4. febrúar 2014 kl. 9:15 í dómsal 2.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 3.12. 2013.

ENDURRIT
ÚR
ÞINGBÓK
HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS

Árið 2014, þriðjudaginn 4. febrúar, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Af hálfu ákæruvalds sækir þing Alda Hrönn Jóhannsdóttir, fulltrúa lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Í dóminn er mættur ákærði X. Verjandi ákærða Stefán Karl Kristjánsson hdl. er ekki mættur og hefur ekki boðað forföll né haft samband við sækjanda eða ákærða sjálfan að hans sögn. Ákærði kveðst ekki óska eftir að sér verði skipaður annar verjandi og óskar eftir að skipun Stefáns Karls Kristjánssonar verði felld niður.

Sækjandi kveðst falla frá þeirri háttsemi sem í ákæru greinir að efnin hafi verið í söluskyni.

Gætt er ákvæða 1. mgr. 114. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Ákærði viðurkennir skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru eftir að henni var breytt.

Með því að ákærði hefur játað brot sitt skýlaust og dómari telur ekki ástæðu til að draga í efa að játning hans sé sannleikanum samkvæmt er ákveðið að fara með málið að hætti 164. gr. laga nr. 88/2008.

Sækjandi og ákærði tjá sig í stuttu máli um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga og leggja málið að svo búnu í dóm.

Málið er tekið til dóms og verður boðað til dómsuppsögu með tölvupósti.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 4.2. 2014.

**ENDURRIT**
**ÚR**
**ÞINGBÓK**
**HÉRAÐSDÓMS REYKJANESS**

Árið 2014, þriðjudaginn 11. febrúar, er dómþing Héraðsdóms Reykjaness háð í dómhúsinu að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara.

Fyrir er tekið:
Mál nr. S-720/2013
Ákæruvaldið
gegn
X

Skjöl málsins nr. 1-4 liggja frammi.

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

**DÓMUR**
(Í heild í dómabók 2014)
**DÓMSORÐ**

Ákærði, X skal sæta fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði sæti upptöku á 45 stk. af kannabisplöntum og 3.589,55 g af kannabislaufblöðum auk haldlagðs búnaðar og áhalda til framleiðslu fíkniefna.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, samtals 164.762 krónur.

Stefán Karl Kristjánsson hdl. greiði 300.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ástríður Grímsdóttir

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði að dómþola og sækjanda viðstöddum.

Dómþola er kynnt þýðing skilorðs og afleiðingar skilorðsrofa.

Dómþola eru kynnt ítrekunaráhrif dómsins.

Dómþoli lýsir því yfir að hann uni dómi.

Dómþoli fær endurrit dómsins afhent.

Vottur:
Hulda Kristinsdóttir

Dómþingi slitið.
Ástríður Grímsdóttir

Rétt endurrit staðfestir
Héraðsdómur Reykjaness 11.2. 2014.